

Bæjarstjórn - 20

FUNDARBOÐ

20. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 14. desember 2023 og
hefst kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2309005F - Velferðar- og jafnréttismálanefnd - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar velferðar- og jafnréttismálanefndar.
- 2. 2311003F - Safna- og menningarmálanefnd - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar safna- og menningarmálanefndar.
- 3. 2311008F - Umhverfis- og náttúruverndarnefnd - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar umhverfis- og náttúruverndarnefndar.
- 4. 2311006F - Æskulýðs- og íþróttanefnd (SH) - 2**
Lögð fram fundargerð 2. fundar æskulýðs- og íþróttanefndar.
- 5. 2311005F - Hafnarstjórn (SH) - 5**
Lögð fram fundargerð 5. fundar hafnarstjórnar.
- 6. 2311004F - Ungmennaráð - 3**
Lögð fram fundargerð 3. fundar ungmennaráðs.
- 7. 2311002F - Skóla- og fræðslunefnd - 10**
Lögð fram fundargerð 10. fundar skóla- og fræðslunefndar.
- 8. 2311010F - Skipulagsnefnd - 16**
Lögð fram fundargerð 16. fundar skipulagsnefndar.
- 9. 2311012F - Skipulagsnefnd - 17**
Lögð fram fundargerð 17. fundar skipulagsnefndar.
- 10. 2312002F - Bæjarráð - 17**

Lögð fram 17. fundargerð bæjarráðs.

11. 2311009F - Atvinnu- og nýsköpunarnefnd (SH) - 3

Lögð fram fundargerð 3. fundar atvinnu- og nýsköpunarnefndar.

Erindi til kynningar

12. 2101043 - Fundargerðir stjórnar byggðasamlags um rekstur félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

Lögð fram fundargerðir 131. og 132. fundar stjórnar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.

13. 2006017 - Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Lögð fram 187. fundargerð heilbrigðisnefndar ásamt ársskýrslu og bókun Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi vegna skýrslu starfshóps um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

14. 2311016 - Kvennafrídagurinn

Baráttudagur fyrir jafnrétti á vinnumarkaði, Kvennafrídagurinn, sem var haldinn 24. október sl., en á honum lögðu konur og kvár víðsvegar um land niður störf. Formaður gerir grein fyrir aðkomu og frumkvæði velferðar- og jafnréttismálanefndar Stykkishólms að viðburðinum og fyrir viðburðinum og aðgerðum í Stykkishólmi.

Formaður velferðar- og jafnréttismálanefndar gerði á 3. fundi nefndarinnar grein fyrir aðkomu sinni og frumkvæði velferðar- og jafnréttismálanefndar Stykkishólms að viðburðinum og aðgerðum í Stykkishólmi. Velferðar- og jafnréttismálanefndar þakkar öllum hluteigandi kærlega fyrir sitt framlag sitt til þessa baráttudags og formanni fyrir sitt frumkvæði við skipulagningu dagsins í Stykkishólmi.

Bæjarráð tók á 17. fundi sínum undir bókun velferðar- og jafnréttisnefndar.

15. 1910024 - Norðurljósahátíð

Norðurljósinn, menningarhátíð í Stykkishólmi, var fyrst haldin í Stykkishólmi í nóvember árið 2010 og hefur verið haldin annað hvert ár síðan, en hátíðin var sett á fót á vegum safna- og menningarmálanefndar Stykkishólmsbæjar eftir að bæjarstjórn tók ákvörðun um að fela nefndinni að stuðla að menningarhátíð í Stykkishólmi. Norðurljósahátíðin var haldin síðast árið 2022. Undanfarin ár hefur safna- og menningarmálanefnd tilnefnt aðila í norðurljósanefnda sem annast undirbúningu hátíðarinnar. Norðurljósahátíðin verður næst haldin 2024.

Safna- og menningarmálanefnd lagði, á 5. fundi sínum, til að Norðurljósahátíðin verði haldin dagana 24.-27. október 2024. Safna- og menningarmálanefnd lagði jafnframt til að eftirfarandi aðilar sitji í Norðurljósanefnd: Fulltrúi tónlistarskóla, fulltrúar ungmennaráðs, forstöðumaður Amtsbókasafns, fulltrúar byggðasafns, formaður safna- og menningarmálanefndar auk starfsmanni. Þá var formanni nefndarinnar falið að heyra í Grunn- og Tónlistarskólastjóra Heimi Eyvindarsyni.

Bæjarráð samþykkti afgreiðslu safna- og menningarmálarnefndar á 17. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta eftirtalda í nefndina.

Heiðrún Edda Pálsdóttir: Formaður Ungmennaráðs.

Kristjón Daðason: Deildastjóri Tónlistarskólans í Stykkishólmi.

Nanna Guðmundsdóttir: Forstöðumaður Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi.

Viktória Líf Ingibergsdóttir: Formaður Safna- og menningarmálanefndar.

Þórunn Sigþórsdóttir: Starfsmaður Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla.

Starfsmaður hátíðar: Hjördís Pálsdóttir.

16. 2005059 - Hreinsun og fegrun umhverfis í Skipavík

Hafnarstjórn hefur undanfarin ár lagt áherslu á að fara þurfi í átak til að fegra og snyrta hafnarsvæðið við Skipavíkurhöfn, sér í lagi hvað varðar óhreyfða báta og vagna sem liggja jafnvel undir skemmdum. Í anda þess samþykkti hafnarstjórn á 90. fundi sínum að þeir sem greiði hafnargjöld hafi heimild gjaldfrjálsrar aðstöðu fyrir báta og kerrur á skilgreindum bátastæðum við Skipavíkurhöfn, en aðrir greiði aðstöðugjald (stöðuleyfi). Hafnarstjórn fól hafnarverði á 90. fundi sínum, sem staðfest var á 400. fundi bæjarstjórnar, að láta fjarlægja ónýtar kerrur og annað sem á ekki heima á svæðinu að hans mati og innheimta í samvinnu við byggingarfulltrúa gjöld fyrir aðstöðuleyfi og framfylgja framangreindri samþykkt hafnarstjórnar. Samkvæmt fundargerðum hefur verið farið yfir árangur frá fyrri afgreiðslu á fundum hafnarstjórnar.

Á 53. fundi umhverfis- og náttúruverndarnefndar fjallaði nefndin um þessi sömu málefni og taldi skynsamlegt að hvetja fyrirtæki og einkaaðila til góðrar umhirðu í sínu nærumhverfi. Nefndin benti jafnframt á heimildir heilbrigðisnefndar til að hlutast til um að lausafjarmunir séu fjarlægðir, þ.m.t. númeralausar bifreiðar og bílflök, annað hvort á grundvelli 21. gr. reglugerðar um hollustuhætti og/eða 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs.

Hafnarstjórn samþykkti, á 5. fundi sínum, að leita eftir formlegu samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands um hreinsun á hafnarsvæði Skipavíkur í samræmi við framangreint og að bátum og tækjum sem hafa verið óhreyfð árið 2023 séu fjarlægð af svæðinu, sbr. 20. og/eða 21. gr. reglugerðar um hollustuhætti, og 14. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs, nema fyrir liggi samþykki hafnarvarðar, en samtímis verði unnið að því að útbúa bátasvæði fyrir þá báta sem hafa verið í notkun og þeir muni vera fluttir á viðkomandi svæði þegar það er tilbúið.

Bæjarráð staðfesti, á 17. fundi sínum, afgreiðslu hafnarstjórnar.

17. 2209017 - Arnarborg 16 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi

Lagður er fram lóðarleigusamningur vegna Arnarborgar 16. Bæjarráð samþykkti á 17. fundi sínum, lóðaleigusamning vegna Arnarborgar 16 og fól bæjarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarfélagsins og vísaði til staðfestingar í bæjarstjórn.

18. 2312004 - Brunavarnaráætlun Stykkishólms

Lögð fram brunavarnaráætlun Stykkishólms 2024-2029. Bæjarráð samþykkti brunavarnaráætlun á 17. fundi sínum og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja hana.

19. 1911024 - Tillaga um tímabundna niðurfellingu á gatnagerðargjöldum

Vegna sérstakra aðstæðna er lagt til að veittur verði tímabundinn 90% afsláttur (lækkun)

skv. 6. gr. laga nr. 153/2006, sbr. og 6. gr. samþykktu um gatnagerðargjald í sveitarfélaginu, á gatnagerðargjöldum af byggingum íbúðarhúsnæðis m.v. gjaldskrá 2024 á tilteknum lóðum í Stykkishólmi og að lækkunarheimildin taki gildi eftir samþykkt bæjarstjórnar til og með 31. desember 2024 og á sama grunni verði veittur 50% afsláttur af lóðinni Hjallatangi 48. Skal umsækjandi greiða 100.000 kr. staðfestingargjald fyrir hverja lóð sem sótt er um og er staðfestingargjald óafturkræft verði umsækjanda úthlutað viðkomandi lóð.

Bæjarráð samþykkti, á 17. fundi sínum, tillögu bæjarstjóra og vísaði henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

Um er að ræða eftirtaldar lóðir:

Lóðir á 90% afslætti:

- Sundabakki 2
- Laufásvegur 19
- Hjallatangi 9
- Hjallatangi 13
- Hjallatangi 15
- Hjallatangi 17
- Hjallatangi 19

Lóðir á 70% afslætti:

- Hjallatangi 48

Lóðir á 25% afslætti:

- Hjallatangi 42
- Hjallatangi 36

Bæjarráð samþykkti jafnframt að lóðin, Hjallatangi 48, verði auglýst eftir skipulagsbreytingu í samræmi við umræður bæjarfulltrúa á fundinum.

20. 2310008 - Umsókn um byggingarheimild - Helgafell

Jóhanna Kristín Hjartardóttir sækir um leyfi fyrir byggingu þriggja frístundahúsa í landi Helgafells ásamt stofnun nýrra lóða samhliða því.

Þar sem að ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið vísaði byggingarfulltrúi málinu til afgreiðslu í skipulagsnefnd.

Samkvæmt Aðalskipuagi Helgafellssveitar 2012-2024 er á landbúnaðarsvæðum heimilt án þess að aðalskipulagi sé breytt að reisa þrjú frístundahús á jörðum eða jarðaspildum sem eru 10 ha eða stærri. Fjöldi þegar byggðra stakra frístundahúsa dregst frá heimildinni. Húsin verða að standa á sérstaklega afmörkuðum lóðum og mælst til þess að þau séu í nágrenni við hvort annað. Framkvæmdir eru deiliskipulagsskyldar. Helgafell er 94 ha jörð. Fyrir eru tvö íbúðarhús og lóðir fyrir þrjú frístundahús.

Á 15. fundi sínum gerði skipulagsnefnd ekki athugasemd við umsókn Jóhönnu Hjartardóttur um byggingu þriggja frístundahúsa í landi Helgafells í samræmi við fyrirbyggjandi gögn og að stofnuð verði lóð. Horfir skipulagsnefnd meðal annars til afgreiðslu 1. fundar dreifbýlisráðs og til þess að fyrir liggur undirritað skjal frá öllum hagaðilum á svæðinu sem samþykkja áformin. Horfir skipulagsnefnd einnig til afgreiðslu 15. fundar bæjarstjórnar vegna sambærilegs máls við Lyngholt í landi Helgafells sem var samþykkt samhljóða í bæjarstjórn. Telur skipulagsnefnd ekki forsendur til þess að fara gegn þeirri stefnumörkun bæjarstjórnar og bókun dreifbýlisráðs.

Á þessum grunni vísar skipulagsnefnd erindinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa.

Afgreiðsla 15. fundar skipulagsnefndar er lögð fram til staðfestingar.

Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

Bæjarstjórn vísaði málinu aftur til bæjarrás. Bæjarráð samþykkti, á 17. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

21. 2310042 - Byggingaheimildir í dreifbýli

Á fyrsta fundi dreifbýlisráðs fjallaði skipulagsfulltrúi um heimildir til uppbyggingar í dreifbýlinu samkvæmt aðalskipulagi Helgafellssvetitar.

Dreifbýlisráð lagði áherslu á að sveitarfélagið haldi sig við þá stefnumörkun og ákvarðanir sem sveitarstjórn Helgafellssveitar tók fyrir sameiningu hvað varðar túlkun á aðalskipulagi þar til aðalskipulagsbreyting verði gerð sem breyti þeirri stefnumörkun. Dreifbýlisráðið lagði áherslu á heilstætt mat fari fram hverju sinni, sér í lagi á bótaábyrgð sveitafélagsins.

Dreifbýlisráð lagði jafnframt til að málsgrein í kafla 4.1. í aðalskipulagi varðandi kröfu um deiliskipulag verði endurskoðað vegna þeirrar óvissu og óskýrleika sem málsgreinin hefur valdið.

Á 15. fundi skipulagsnefndar lagði skipulagsnefnd jafnframt til að felld verði út eftirfarandi setning í kafla 4.1 í aðalskipulagi Helgafellssveitar 2012-2024: "Framkvæmdir skv. liðum eru allar deiliskipulagsskyldar", vegna óskýrleika ákvæðisins eins og dreifbýlisráðið hefur bent á, og á meðan unnið er að því að fella setninguna úr aðalskipulagi verði ný mál ekki tekin til afgreiðslu án deiliskipulags frá og með samþykkt bæjarstjórnar á tillögu þessari.

Eftir að kvöðin verður felld úr aðalskipulagi gefst ráðrúm til að vinna með íbúum í dreifbýli og dreifbýlisráði að endurskoðun byggingarheimilda samkvæmt aðalskipulagi.

Á 16. fundi sínum samþykkti bæjarráð afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til við bæjarstjórn að staðfesta hana.

Bæjarstjórn vísaði á 19. fundi sínum málinu til næsta bæjarráðsfundar.

Bæjarráð taldi, á 17. fundi sínum, að mismunandi túlkun nefnda sveitarfélagsins á gr. 4.1 í aðalskipulagi Helgafellssveitar 2014-2024 gefi tilefni til að skerpa á texta greinarinnar, m.a þegar horft er til hvenær skuli deiliskipuleggja, á þeim svæðum þar sem er fyrirhuguð uppbygging. Á þetta við lögbýli og allt það land sem hefur verið stofnað úr þeim, gildir þá einu hvaða landnotkunarflokk þá tilheyrir samkvæmt skilgreiningu 6. kafla skipulagsreglugerðar 90/2013. Bæjarráð samþykkti að fela skipulagsfulltrúa að vinna minniháttar breytingu á greininni en lagði áherslu á að þær byggingarheimildir sem eru nú þegar í gildandi aðalskipulagi Helgafellssveitar verði óbreyttar þar til að nýtt aðalskipulag fyrir sameinað sveitarfélag Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar, sem samþykkt hefur verið að hefja vinnu við, tekur gildi.

Þar til umrædd aðalskipulagsbreyting hefur tekið gildi verða umsóknir um byggingarheimildir í dreifbýli metnar heilstætt hverju sinni þar sem sérstaklega verði hugað að hugsanlega bótaábyrgð sveitarfélagsins vegna málsmeðferðar sveitarfélagsins.

22. 2311015 - Samþykkt um gatnagerðargjald og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum

Lögð fram ný samþykkt um gatnagerðargjöld og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum og öðrum samanburðargögnum.

Bæjarráð samþykkti, á 16. fundi sínum, gatnagerðargjöld og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum og vísaði þeim til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkti á 19. fundi sínum, að vísa samþykkt um gatnagerðargjöld og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum til frekari vinnslu í bæjarráði og til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti, á 17. fundi sínum, gatnagerðargjöld og þjónustugjaldskrár í skipulags- og byggingarmálum ásamt lóðarreglum með áorðnum breytingum og vísaði þeim til síðari umræðu í bæjarstjórn.

23. 2311017 - Reglur sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu - Höfðaborg - Miðstöð öldrunarþjónustu

Lögð drög að reglum sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu vegna þjónustu Höfðaborgar.

Bæjarráð samþykkti reglurnar á 16. fundi sínum og vísaði til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarstjórn samþykkti, á 19. fundi sínum, að vísa þeim til frekari vinnslu í bæjarráði og til síðari umræðu í bæjarstjórn.

Bæjarráð samþykkti, á 17. fundi sínum, reglur sveitarfélagsins um stuðningsþjónustu vegna þjónustu Höfðaborgar og vísaði til síðari umræðu í bæjarstjórn.

24. 2312006 - Isea ehf. - Ályktun atvinnu- og nýsköpunarnefndar

Atvinnu- og nýsköpunarnefnd heimsótti Isea ehf. á 3. fundi sínum og fékk kynningu á starfsemi félagsins. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd lýsti ánægju með þann metnað og framtaksemi sem forsvarsenn félagsins hafa fyrir rekstrinum og aukinni verðmætasköpun í nærsamfélaginu, sérstaklega áherslum félagsins á að fullvinna sem mest afurðir sínar í heimabyggð. Á fundinum kom fram að forsvarsmenn félagsins séu ávallt reiðubúnir til þess að kynna áhugasömum íbúum starfsemi félagsins og hvatti atvinnu- og nýsköpunarnefnd íbúa til þess að taka boði félagsins og kynna sér starfsemi þess og þær góðu afurðir sem þar eru unnar.

Í heimsókn nefndarinnar til félagsins kom einnig fram að sú alvarlega staða sé uppi að dreifikerfi Veitna afkasti ekki þeirri orku sem Veitur höfðu gefið félaginu upp og var forsenda allrar hönnunar og fjárfestinga í fyrirliggjandi vinnslulínu. Brýnt að tryggja félaginu þá orku sem búið var að gefa loforð um og var m.a. forsenda kostnaðarþátttöku félagsins í innviðum Veitna. Atvinnu- og nýsköpunarnefnd skoraði á Veitur og Orkuveitu Reykjavíkur að bregðast nú þegar við

Þessari alvarlegu stöðu í Stykkishólmi.

25. 2312008 - Sjávarútvegsstefna og frumvarp til laga um sjávarútveg

Lögð fram drög að tillögu til þingsályktunar um sjávarútvegsstefnu, drög að frumvarpi til laga um sjávarútveg og tillögur um útfærslu á innviðaleið, ásamt minnisblaði um skel- og rækjubætur, en eitt af nýmælum frumvarpsins er að skel- og rækjubætur verði skertar um 25% á ári á 4 ára tímabili og úthlutun bóta verði hætt 31. desember 2028.

26. 2312007 - Erindi frá Eyja- og Miklaholtshrepp

Lagt fram erindi frá Eyja- og Miklaholtshreppi þar sem óskað er eftir samtali við forsvarsmenn Sveitarfélagsins Stykkishólms um skipulags- og byggingarmál, með möguleg þjónustukaup í huga.

27. 2308015 - Skipulagsbreytingar

Lögð fram tillaga KPMG að breytingum á skipulagi með það að markmiði að skýra stjórnskipulag, ábyrgð og verklag hjá sveitarfélaginu, ásamt drögum að starfslýsingum, en í verkefninu felst að teikna upp núverandi stöðu og útfæra fyrirbyggjandi hugmyndir og fyrirhugaðar breytingar með það fyrir augum að nýta sem best núverandi mannaúð.

Fulltrúar KPMG komu til fundar við bæjarráð á 16. fundi og gerðu grein fyrir tillöggunni.

Bæjarráð samþykkti að vísa málinu til frekari vinnslu í bæjarráði.

Bæjarráð vísaði, á 17. fundi sínum, útfærslu 1 að skipulagsbreytingum til samþykktar í bærstjórn.

28. 2310016 - Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2024-2027

Fjárhagsáætlun 2024-2027 lögð fram til síðar umræðu í bærstjórn.

Bærstjórn samþykkti, á 18. fundi sínum, Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2024-2027 og vísaði henni til frekari umfjöllunar í bæjarráði, umsagnar í fastanefndum og til síðari umræðu í bærstjórn.

Á 16. fundi sínum vísaði bæjarráð erindinu til frekari vinnslu í bæjarráði. Bæjarráð samþykkti, á 17. fundi sínum, að vísa fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára fjárhagsáætlun 2025-2027 til síðari umræðu í bærstjórn.

29. 2310019 - Gjaldskrár 2024

Lögð fram drög að gjaldskrár sveitarfélagsins 2024 sem tekur mið af forsendum fjárhagsáætlunar 2024-2027 sem samþykktar voru á 17. fundi bærstjórnar.

Bærstjórn samþykkti gjaldskrárnar á 18. fundi sínum og vísaði til umsagnar í fastanefndum og frekari umfjöllunar í bæjarráði.

Á 16. fundi sínum vísaði bæjarráð erindinu til frekari vinnslu í bæjarráði.

Bæjarráð samþykkti gjaldskrár, á 17. fundi sínum, fyrir 2024 og vísaði þeim til síðari umræðu í bærstjórn.

30. 1808022 - Minnispunktar bæjarstjóra

Lagðir fram minnispunktar bæjarstjóra.

12.12.2023

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.